

Alþingi
Erindi nr. P 131/768
komudagur 31.1.2005

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Efni: Umsögn Heilbrigðisstofnunar Austurlands um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfruma úr fósturvísnum til rannsókna og lækninga.

Stofnunin þakkar fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar.

Leitað var álits lækna ráðs og hjúkrunaráðs stofnunarinnar á tillögunni.

Hjúkrunaráð gerði ekki athugasemdir en lækna ráð skilaði eftirfarandi áliti sem stofnunin vill gera á sínu:

Tillagan miðar að því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipi nefnd til að gera úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísnum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Í greinargerðinni sem tillögunni fylgir kemur fram að þegar eru stundaðar svona rannsóknir í sumum löndum, en þær hafa verið bannaðar í öðrum. Jafnframt kemur þar fram að umræðan er komin af stað í íslensku samfélagi.

Við jafnmikið álitamál sem þetta þarf að fara fram ítarleg og upplýst umræða á sem flestum stigum samfélagsins, áður en ákvörðun er tekin. Sú samsetning nefndarinnar sem lögð er til í tillögunni ætti að geta stuðlað að og stutt við slíka almenna umræðu. Stjórn Lækna ráðs HSA telur tillöguflutninginn tímabæran, eðlilegan og nauðsynlegan undanfara þess að Alþingi móti stefnu um þetta mikla álitamál.

31. janúar 2005

Fh. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Stefán Þórarinsson lækningaforstjóri